

# ÞINGEYJAR SVEIT



HVAÐ ER  
AÐ FRÉTTA?



MARS 2026

Nýr gönguskíðaspori var keyptur og vígður í byrjun mánaðarins í Vaglaskógi. Umf Bjarmi keypti sporann með hjálp styrkja frá fyrirtækjum og einstaklingum.

# Menningarverðmæti smærra samfélags

## Ósk Helgadóttir

formaður íþrótt-, tómstunda- og menningarnefndar



Ég hef alla tíð lifað og starfað í litlum samfélögum og hef ekki hugsað mér að breyta því í nálægri framtíð. Kostirnir við það eru margir og ekki hvað síst þeir að íbúar lítilla samfélaga eru oftast en ekki knúnir drifkrafti og þrautseigju. Það er mér að skapi og þannig held ég að fólk sem velur sér búsetu í slíkum samfélögum vilji hafa það. Samskipti íbúa sín á milli eru almennt meiri í litlum samfélögum en stórum og fólk lætur sig varða um hvernig aðrir hafi það, þótt það sé kannski ekki með nefið ofan í hvers manns koppi.

Það eru að sjálfsögðu gallar við að búa í litlu samfélagi á landsbyggðinni, þar er þörf á betri vegum, við þurfum oft /oftast en ekki að sækja þjónustu um langan veg og veðurviðvaranir geta sett strik í reikninginn í ferðaplönnum okkar eins og nýleg dæmi sína.

Lítill samfélag búa oft yfir ríkum mannauði og vægi hvernar persónu er mikið. Íbúar hafa margir hverjir tengingar innbyrðis, eru skyldir í allar áttir og jafnvel skyldir sjálfum sér. Á síðustu árum hefur þeim einnig fjölgað sem koma erlendis frá og setjast að og krydda þá samfélagið enn frekar með sínum bakgrunni, reynslu og menningu. Já, við erum sannarlega orðin fjölbreytt flóra.

Sem formaður íþrótt-, tómstunda- og menningarnefndar Þingeyjarsveitar síðustu fjögur árin hef ég fengið ágætis innsýn í þá málaflokka sem falla undir starfssvið nefndarinnar. Inn á okkar borð berast t.d. reglulega styrkumsóknir um allskyns verkefni tengd

íþróttum, tómstundum og menningarviðburðum og nefndin hefur nýtt hverja krónu sem hún hefur fengið og úthlutað til góðra verkefna. Fjármagnið sem við fáum í hendur er vissulega takmarkað og ekki hægt að verða við öllum beiðnum sem berast, en það gefur gott í hjartað að geta stutt við góð verkefni í samfélaginu.

Menning getur verið svo margskonar, allt frá spilavistum og þrjónakvöldum upp í stórkostlega listviðburði. Það er ómetanlegt þegar fólk tekur sig til og “hristir eitthvað gott fram úr erminni” sér og öðrum til ánægju og yndisauka. Það smitar frá sér jákvæðni, sem skilar mun betri líðan til annarra einstaklinga. Slík samfélög eru manneskjuleg og þar sem menningin blómstrar líður fólki vel.

Mér finnst skipta máli að búa í samfélagi, þar sem fólk fer með friði, er umburðarlynt og hefur getu og vilja til að takast á við þann ágreining sem upp getur komið á hverjum tíma. Þar sem við getum öll sagt okkar skoðanir án þess að þurfa að gjalda fyrir það með því að vera tekin af lífi á samfélagsmiðlum, eða vegið sé á annan hátt að persónu fólks fyrir skoðanir sínar. Það sem við segjum og það sem við veljum að standa fyrir, hefur nefnilega áhrif – það mótast raunveruleikann sem við og aðrir búum í.

Við berum öll ábyrgð á að eiga í góðum samskiptum, bæði ég og þú, sama hvaða hlutverki við gegnum.

## AF VETTVANGI SVEITARSTJÓRNAR

**Vorið nálgast þótt snjóalög séu meiri en áður þennan veturinn. Það líður að lokum kjörtímabils þegar umboð sveitarstjórnar rennur út og nýkjörnir fulltrúar taka við umboði íbúa til að leiða sveitarfélagið næstu fjögur árin.**

*Gerður Sigtryggsdóttir skrifar:*

Þegar litið er um öxl geta kjörnir fulltrúar verið sáttir við gang mála á kjörtímabilinu. Margt hefur áunnist þótt einhver verkefni muni færast til nýrrar sveitarstjórnar. Áhersla er lögð á að yfirfærslan verði með besta móti til að auðvelda nýjum sveitarstjórnarfulltrúum að kynna sér málefni sveitarfélagsins og verkefnastöðu.

### Mikilvægar styrkveitingar

Sveitarfélagið fékk ánægjulegar fréttir í liðinni viku um tvær styrkveitingar til mikilvægra verkefna í þágu íbúa. Annars vegar er um að ræða styrk úr aðgerð B.7. „Óstaðbundin störf“ í byggðaáætlun og snýr að uppbyggingu og rekstri vinnustaðaklasa. Þingeyjarsveit hlaut 5.000.000 kr styrk til uppbyggingar á vinnustaðaklasanum „Heilsukjarninn“ á Laugum og verður styrkurinn nýttur til endurbóta á aðstöðu fyrir aðila á sviði heilsu og vellíðunar s.s. snyrtistofu, sjúkráþjálfara, nuddara, hárgreiðslustofu ásamt læknamóttöku.

Hins vegar hlaut styrkur að fjárhæð 6.000.000 kr. úr aðgerð A.10 „Almennings-samgöngur“ um land allt í stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2026. Þingeyjarsveit sótti um styrk til Tómsundaaksturs í Þingeyjarsveit og mun hann verða nýttur til aksturs með nemendur grunnskóla í frístundastarf sem gæti hafist næsta haust.



Úlla Árdal, Knútur Emil Jónasson, Gerður Sigtryggsdóttir, Arnór Benónýsson, Jóna Björg Hlíðversdóttir, Gerður Sigtryggsdóttir, Árni Pétur Hilmarrson, Eyþór Kári Ingólfsson, Haraldur Bóasson og Halldór Þorlákur Sigurðsson. Á myndina vantar vantar Ragnhildi Hólm.

Báðir þessir styrkir eru til þess fallnir að auka og bæta þjónustu við íbúa okkar viðfeðma sveitarfélags.

### Sveitarstjórnarkosningar nálgast

Undirbúningur fyrir sveitarstjórnarkosningar er langt á veg kominn. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar verður auglýst á þremur stöðum í sveitarfélaginu, í Þingey, á Hlíðavegi 6 Reykjahlíð og í Stórutjarnaskóla. Kjörstaður sveitarfélagsins þann 16. maí verður í Þinghúsinu á Breiðumýri.

Brátt skýrist hversu margir listar munu bjóða fram en framboðsfrestur rennur út þann 10.4. kl. 12.00.

### Starfsmenn koma og fara

Vinna við ráðningu skólustjóra Stórutjarnaskóla er langt komin og það sama er að segja um ráðningu slökkviliðsstjóra.

Í dag, 1. apríl er síðasti reglulegi starfsdagur Gísla Sigurðssonar skrifstofustjóra Þingeyjarsveitar sl. 10 ár og Skútustaðahrepps í 15 ár. Sveitarstjórn færir Gísla kærar þakkir fyrir hans góðu störf í þágu sveitarfélagsins og óskar honum velfarnaðar að lokinni starfsævi.

# SVEITARSTJÓRNAR KOSNINGAR 2026



## Mikilvægar dagsetningar fyrir framboð til sveitarstjórnar 2026

FRESTUR TIL ÞESS  
AÐ SKILA INN FRAMBOÐSLISTA:

**10. APRÍL kl. 12:00**

Framboðum, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum, skal skila á skrifstofu Þingeyjarsveitar fyrir þann tíma eða til yfirkjörstjórnar Þingeyjarsveitar, sem tekur á móti framboðum í Þingey - stjórnarsýsluhúsi föstudaginn 10. apríl 2026 kl. 11:00-12:00.

Framboðslistar skulu skipaðir 7 - 14 fulltrúum og þeim skal fylgja listi 20-40 meðmælenda. Frambjóðendur og meðmælendur þurfa að vera kjósendur í Þingeyjarsveit og hver meðmælandi getur einungis mælt með einu framboði. Mælst er til þess að framboð nýti [rafrænt meðmælendakerfi á island.is](#) fyrir söfnun meðmæla.

DAGSETNING  
KOSNINGA:

**16. MAÍ**

KOSNING UTAN  
KJÖRFUNDAR  
HEFST:

**17. APRÍL**

FRÉTT Á  
HEIMASÍÐUNNI

ALLAR  
UPPLÝSINGAR

LITIÐ UM ÖXL  
*gamla myndin*

Nr. PJ-861-17



ÞEKKIR ÞÚ FÓLKID  
Á MYNDINI?

Útibú K.Þ. á Laugum skömmu eftir opnun 1964.  
Ljósmyndari Pétur Jónasson. Hvað heita mennirnir?

SENDA ÁBENDINGU

## GAMLI HLUTURINN

### Sítar / *Pianoharp* - 1900

Upphaflega úr búi Lizzie Þórarinsson á Halldórsstöðum í Laxárdal. Hún gaf Guðrúnu Guðmundsdóttur, Ystahvammi í Aðaldal sítarinn. Guðrún gaf Hauki Ingibergssyni frá Garðshorni í Kinn (Skólastjóra á Bifröst).

Móðir hans, Þorgerður Hauksdóttir frá Garðshorni afhenti BSP.



"Litið um öxl" er fastur liður í fréttabréfinu, þar sem við fáum annars vegar gamla ljósmynd frá Ljósmyndasafni Þingeyinga og hins vegar mynd og upplýsingar um muni í Byggðasafni S-Þingeyinga. Við ljósmyndina vantar skráningu á ýmist fólki, staðsetningu eða tilefni. Glöggir lesendur sem þekja til eru beðnir um að senda póst á [skjalasafn@husmus.is](mailto:skjalasafn@husmus.is) með upplýsingum.



MENNINGARMIÐSTÖÐ  
ÞINGEYINGA

## NÝTT STARFSFÓLK HJÁ SVEITARFÉLAGINU

VÍÐIR  
PÉTURSSON**Hver er og hvaðan?**

Víðir Pétursson og er fæddur og uppalinn á Húsavík. Eftir 3 ár á Bifröst í Borgarfirði og svo 1 ár í Noregi hef ég búið á Laugum síðan 2010.

**Hvaða starfi ætlar þú að sinna?**

Ég er verkefnastjóri framkvæmda og veitna hjá Þingeyjarsveit.

**Hver er þinn uppáhaldsstaður í Þingeyjarsveit?**

Uppáhaldsstaðurinn minn er án efa allur Fnjóskadalurinn. Þar hef ég eytt mörgum dögum á hjóli á sumrin og við rjúpnaveiðar á haustin.

**Hvernig er þinn fullkomni dagur í Þingeyjarsveit?**

Að þvælast um heiðar og dali á snjósleða eða reiðhjóli enda um endalaus möguleika að ræða í þeim efnum hér í stærsta sveitarfélagi landsins. Enda útiveruna svo í sundlauginni á Laugum. Að lokum væri gott að skreppa í mat og drykk á einhverjum af veitingastöðunum í sveitarfélaginu, líklegast mundi ég enda í Dalakofanum (þá er stutt fyrir mig að labba heim).

**MENNINGARVERÐLAUN**

ÞINGEYJARSVEITAR

**Óskum eftir tilnefningum!****MEIRI UPPLÝSINGAR**



“Ég fylli hana á svona 1-2 dögum, og vélin breytir þessu í mold fyrir mig á 8 klukkustundum

Helen Jónsdóttir

## Viðtökur og reynsla af jarðgerðarvélum er góð

**Sala og afhending á jarðgerðarvélum til íbúa hófst í marsmánuði, en nú þegar hafa verið seldar 95 vélar og reynslan af nýju búbótinni er jákvæð.**

Við slógum á þráðinn til Helen Jónsdóttur í Ljósavatns-skarði, en hún var nýbúin að draga upp ferðamenn sem hörðu keyrt aðeins útaf í snjónum. Helen fékk sér vél, og ber henni mjög góða sögu.

„Vélin er náttúrulega frábær. Maður safnar bara í hana því sem afgangur er á heimilinu, og það er góður bækingur með sem útskýrir hvað má ekki setja í hana sem er ansi fátt. Sumt þarf aðeins að skera ofan í hana.“

„Ég fylli hana á svona 1-2 dögum, og vélin breytir þessu í mold fyrir mig á 8 klukkustundum. Þetta er bara ótrúlegt tæki! Ég er að safna þessu saman og ætla að nota í kartöflugarðinn í vor.“

Til þess að eignast vél, er pantað á Þjónustugátt sveitarfélagsins, undir Umhverfismál. Þegar sótt er um, eru gefnir upp valmöguleikar um afhendingarstað; áhaldahúsið á Laugum, gámasvæðið á Stóru-Tjörnum eða áhaldahúsið í Reykjalíð.

Íbúar sem hafa spurningar eða vangaveltur varðandi vélarnar eða afhendingu er bent á að hafa samband við Daða Lange umhverfisfulltrúa á [dadi@thingeyjarsveit.is](mailto:dadi@thingeyjarsveit.is).

FRÉTT Á HEIMASÍÐU

ÞJÓNUSTUGÁTTIN

## UPPLÝSINGAR UM OPNUNARTÍMA ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVA UM PÁSKANA:



### SUNDLAUGIN Á LAUGUM:

SKÍRDAGUR, 2. APRÍL - KL. 12 - 16

FÖS. LANGI, 3. APRÍL - KL. 12 - 16

LAUGARDAGUR 4. APRÍL - KL. 12 - 16

PÁSKADAGUR, 5. APRÍL - LOKAÐ

2. Í PÁSKUM, 6. APRÍL - KL. 12 - 16

### ÍMS Í REYKJAHLIÐ:

SKÍRDAGUR, 2. APRÍL - LOKAÐ

FÖS. LANGI, 3. APRÍL - LOKAÐ

LAUGARDAGUR 4. APRÍL - 10 – 15:30

PÁSKADAGUR, 5. APRÍL - LOKAÐ


2. Í PÁSKUM, 6. APRÍL - LOKAÐ

## ATH! NÝR OPNUNARTÍMI Í SUNDLAUGINNI Á LAUGUM FRÁ 7. APRÍL:

MÁN - FIM ... opnað kl. 15:00

FÖS ..... opnað kl. 13:00

Samþykktur nýr opnunartími  
eftir tillögu ungmennaráðs.





Kjarni á Laugum

# Hentar þín starfsemi í heilsu- og vellíðunarkjarna?

**Unnið er að uppbyggingu heilsu- og vellíðunarkjarna í Kjarna á Laugum í Þingeyjarsveit. Verkefnið er á mótunarstigi og nú gefst einstakt tækifæri fyrir fagfólk og frumkvöðla til að taka þátt í uppbyggingunni.**

Laus eru til leigu fjölbreytt rými sem henta meðal annars fyrir sjúkráþjálfun, nudd, kírópraktor, hárgreiðslu, hugleiðslu og skrifstofustarfsemi. Um er að ræða eitt fjölnota rými, tvö til þrjú skrifstofurými og aðstöðu fyrir hárgreiðslu.

Aðstaðan býður jafnframt upp á sameiginlegt kaffirými, biðrými fyrir viðskiptavinum og næg bílastæði, sem styður við þægilegt og faglegt starfsumhverfi.


Áhugasamir leigjendur hafa þegar sýnt verkefninu áhuga og er nú rétti tíminn til að koma hugmyndum í framkvæmd.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR  
OG SPURNINGAR:**

[thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)

**FRÉTT Á HEIMASÍÐU**

# Félagsstarf 60 ára og eldri í Þingeyjarsveit



Opin hús eru á þriðjudögum til skiptis í Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla

**7. apríl - Stórutjarnaskóli**

**14. apríl - Þingeyjarskóli**

**21. apríl - Stórutjarnaskóli**

**28. apríl - Framhaldsskólinn á Laugum**

Hádegismatur kl. 12:45 í Stórutjarnaskóla (464 3222)

kl. 13:00 í Þingeyjarskóla (464 3583)

Framhaldsskólinn á Laugum kl. 13.00.

**Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund.**

Hádegismatur kostar 875 kr. á mann

og verður innheimtur með kröfu í banka á 2-3 mánaða fresti.

Boccia hefst kl. 12:00 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar.

Minum á facebook síðu okkar sem heitir „**Félagsstarf 60+ í Þingeyjarsveit**” en þar setjum við inn ýmsar upplýsingar.

Bestu kveðjur,

Hanna Magga (863 3381)

Svana (898 0463)

## Mývatnssveit

**Samvera alla miðvikudaga á Hlíðavegi 6 í Reykjahlíð frá 13:30 - 16:30**



**Leikfimi eldri borgara í íþróttamiðstöðni í Reykjahlíð er á mánudögum og miðvikudögum kl. 12:30 - 13:30**

# LEIKSKÓLAKENNARAR ÓSKAST Á BARNABORG OG KRÍLABÆ



Leikskólinn Barnaborg í Aðaldal og leikskólinn Krílabær á Laugum leita að áhugasömum kennurum í framtíðarstörf. Leikskólarnir eru hluti af Þingeyjarskóla, samreknum grunn- og leikskóla í Þingeyjarsveit. Í starfi skólanna er lögð áhersla á að hlúa að sjálfsprottnum leik barnanna, öruggum tengslum barna við umönnunaraðila og virðingu fyrir öllum í leikskólastarfinu.

- Um er að ræða 80-100% starf í hvorri starfsstöð fyrir sig.
- Ráðið er í störf frá 15. maí 2026 eða eftir samkomulagi.
- Aðstoð veitt við að finna húsnæði í nágrenni skólanna.
- Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2026.

## HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.
- Virk þátttaka í skólaþróunarstarfi, skráningu á námi barnanna og reglulegum teymis- og starfsmannafundum.

## MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn) eða menntun sem nýtist í starfi.
- Áhugi á að vinna með börnum og þróa öflugt leikskólastarf.
- Góð íslenskukunnátta til að geta átt í hnökralausum samskiptum við börnin og stutt við málproska þeirra.
- Reynsla af starfi í leikskóla æskileg.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna í teymi.
- Sveigjanleiki, jákvæðni og áreiðanleiki.
- Hreint sakavottorð (fylgi umsókn).

## UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR UM STARFIÐ:


Nanna Marteinsdóttir, skólastjóri:  
[nanna@thingeyjarskoli.is](mailto:nanna@thingeyjarskoli.is) - 464-3590 / 898-0790

Í starfi skólanna er lögð áhersla á að hlúa að sjálfsprottnum leik barnanna, öruggum tengslum barna við umönnunaraðila og virðingu fyrir öllum í leikskólastarfinu.

STARFSHLUTFALL  
**80-100 %**

FRESTUR:  
**15. APRÍL**

# VINNUSKÓLINN 2026



**Þingeyjarsveit starfrækir vinnuskóla fyrir ungmenni 14-16 ára sem eru að ljúka 8.-10. bekk í grunnskóla. Í ár er um að ræða árgangana 2010, 2011 og 2012. Vinnuskólinn hefur alla jafna verið starfræktur frá júní og fram í ágúst í ca. 8 vikur.**

**Lengd vinnutíma og laun fara eftir aldri.**

**Skráning í vinnuskólann fer í gegnum þjónustugáttina á heimasíðu Þingeyjarsveitar. Skráningu lýkur 12. maí.**

## **FYRIRSPURNIR:**

**Gunnhildur Hinriksdóttir, verkefnastjóri æskulýðs-,  
tómstunda- og menningarmála**

**[gunnhildur@thingeyjarsveit.is](mailto:gunnhildur@thingeyjarsveit.is) - 512-1800**

**FRESTUR  
12. MAÍ**

# LEIKSKÓLAKENNARI ÓSKAST Á YL Í ALLT AÐ 100% STARF



Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit en grunnskólinn Reykjahlíðarskóli og leikskólinn Ylur eru samreknir. 30 nemendur eru í leikskólanum á aldrinum 1 árs til 5 ára.

Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan starfsmann. Leitað er að einstaklingi með góða hæfni og lipurð í samskiptum, með góða þekkingu og reynslu af leikskólastarfi.

## UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR UM STARFIÐ:

Karen Ósk Kristjánsdóttir, skólastjóri:  
[karenosk@reykjahlidarskoli.is](mailto:karenosk@reykjahlidarskoli.is) - 464-4149

*Leikskólinn er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á heilsueflingu, vináttu, leik og útikennslu.*

STARFSLUTFALL

100 %

FRESTUR:

15. APRÍL

## STÖRF VIÐ HEIMAÞJÓNUSTU Í AÐALDAL OG FNJÓSKADAL

Óskum eftir fólki til starfa við heimaþjónustu. Um er að ræða u.þ.b. 2 – 4 tíma, aðra hverja viku eins og er, við þjónustu á heimilum í Aðaldal og Fnjóskadal. Sveigjanlegur vinnutími.

### HÆFNISKRÖFUR

- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, frumkvæði, sveigjanleiki og geta til að vinna sjálfstætt
- Áhugi og/eða reynsla af að starfa með öldruðum
- Almenn kunnátta við þrif og önnur heimilisstörf
- Stundvísi, heiðarleiki og góð kunnátta í íslensku
- Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, hafi gild ökuréttindi og bíl til umráða

## UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR UM STARFIÐ:

Hjördís Albertsdóttir - [hjordis.albertsdottir@thingeyjarsveit.is](mailto:hjordis.albertsdottir@thingeyjarsveit.is)

UMSÓKNARFRESTUR

10 APRÍL



# Korttaflan

**HINSEGIN  
HÁTÍÐ**

18.-21. JÚNÍ 2025

Vilt þú halda viðburð á Hinsegin hátíð í sumar?

SÆKTU UM STYRK  
FYRIR 13. APRÍL

SÆKJA  
UM

## PÍSLARGANGAN

Á föstudaginn langa,  
hringinn í kring um  
Mývatn

Mæting kl. 9 í Selið

SKOÐA  
VIÐBURÐ



## HELGIHALD UM PÁSKANA Í ÞINGEYJARSVEIT

29. MARS, PÁLMA-SUNNUDAGUR  
FERMING SKÚTUSTÖÐUM KL. 11.00

2. APRÍL, SKÍRDAGUR  
MESSA Á ÞÓRODDSSTAÐ KL. 20:00

3. APRÍL, FÖSTUDAGURINN LANGI  
BARNASTUND SKÚTUSTÖÐUM  
KL. 09.00

5. APRÍL, PÁSKADAGUR  
MESSA Í REYKJAHLIÐ KL. 11:00

5. APRÍL, PÁSKADAGUR  
MESSA Á EINARSSTÖÐUM KL. 14:00

5. APRÍL, PÁSKADAGUR  
MESSA Í NESI KL. 16:00.

Fylgdu  
Þingeyjarsveit  
á Facebook:





## FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

### APRÍL

- 7. Ípróttu- og tómstundanefnd
- 8. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
- 9. Fræðslu- og velferðarnefnd
- 16. Sveitarstjórn
- 22. Skipulagsnefnd
- 30. Sveitarstjórn



Skráðu þig á póstlista  
sveitarfélagsins **HÉR** og fáðu allar  
fréttir sendar beint til þín!

Smelltu **HÉR** til að lesa síðustu  
fundargerðir.

Allar fundargerðir nefnda má finna  
á [thingeyjarsveit.is](http://thingeyjarsveit.is)

## Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Þeirsdóttir-hlaupastelpan@is.is - s: 8953386

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist  
rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar  
og kemur að jafnaði út vikulega.

## Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í apríl:

### Gerður Sigtryggisdóttir Sveitarstjóri

hefur viðveru samkvæmt samkomulagi í apríl.

### Rögvaldur Harðarson byggingarfulltrúi

Hægt er að óska eftir viðtalstíma í Gíg.

### Brynja Dögg Ingólfssdóttir skipulagsfulltrúi

Hægt er að óska eftir viðtalstíma í Gíg.

### Hjördís Albertsdóttir, sviðstjóri fjölskyldusviðs

hefur viðveru á föstudögum í apríl í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir  
samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið:  
[thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is) eða í síma 512 1800



# ATH! Lokað verður á skrifstofu sveitarfélagsins skírdag, föstudaginn langa og 2. í páskum.



## FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



Fréttabréf Þingeyjarsveitar 3. árg. 3. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Gerður Sigtryggisdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnssstofa - Rákel Hinriksdóttir

Þingey, Þingeyjarsveit

Sími: 512 1800

Netfang: [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)